

„Kristín er íslenskufraeðingur sem veit að hann á heimsmet í fallbeygingu“

Af málfræðilegu kyni – og líffræðilegu

1. Kynlegir árekstrar

Árekstrar milli málfræðilegs kyns og líffræðilegs geta verið til mikilla og oft kynlegra vandræða í málnotkun. Þess eru til að mynda þó nokkur dæmi að einhvers konar titill sem tengdur er manneskju sé í karlkyni þrátt fyrir að titilberinn sé kona eða öfugt – að karl beri titil í kvenkyni:

- (1)
 - a. Kristín er íslenskufraeðingur sem veit að **hann** á heimsmet í fallbeygingu.
 - b. Sigrún er lögreglumaður sem telur að **hann** muni ná þjófunum.
 - c. Hrund er smiður sem minnir að **hann** hafi gleymt söginni úti í skúr.
 - d. Jón er rjúpnaskytta sem veit að **hún** þarf á björgunarsveit að halda.
 - e. Magni er rokkstjarna sem heldur að **hún** vinni keppnina.
 - f. Óli er handboltakempa sem veit hvað **hún** syngur.

Slíkt getur truflað máltilfinningu fólks enda eru fornöfn eins og þau sem eru feittruð í (1) jafnan til samræmis við líffræðilegt kyn ef engar málfræðilegar kröfur eru um annað. Ef ljóst er af samhengi að átt er við fólkið í (1) og ekki er um að ræða tilvísun í nafnorð sem þegar er komið fram verður fornafnið að lúta líffræðilegu kyni:

- (2)
 - a. (líffr. kvk.) **Hún/*Hann** veit að hún á heimsmet í fallbeygingu.
 - b. (líffr. kvk.) **Hún/*Hann** telur að hún muni ná þjófunum.
 - c. (líffr. kvk.) **Hana/*Hann** minnir að hún hafi gleymt söginni úti í skúr.
 - d. (líffr. kk.) ***Hún/Hann** veit að hann þarf á björgunarsveit að halda.
 - e. (líffr. kk.) ***Hún/Hann** heldur að hann vinni keppnina.
 - f. (líffr. kk.) ***Hún/Hann** veit hvað hann syngur.

Kynjaárekstrar sem þessir eru ekki síst til ama þegar vísað er með almennum hætti í persónu eða hóp af fólki. Samkvæmt íslenskri málvenju eru slíkar tilvísanir í karlkyni þrátt fyrir að óumdeilanlega sé um að ræða tilvísun í blandað líffræðilegt kyn eða jafnvel eingöngu konur:

- (3)
 - a. **Þeir** sem eru í Félagi reykvískra mæðra munu funda á laugardaginn.
 - b. **Þeir** sem fæddust árið 1800 eru allir látnir.
 - c. Keppendur í kvennaflokki voru **marginir** þetta árið.
 - d. **Sá** sem er með barn á brjósti ætti ekki að neyta áfengis.

Þetta þykir ýmsum óheppilegt og af því hefur sprottið sú hugmynd að betra sé að nota líffræðilegt kyn í tilvikum sem þessum. Ætlunin er þá að stuðla að

eins konar málfræðilegu jafnrétti kynja og er þetta gjarna boðað undir merkjum „máls beggja kynja“ – sem er þá pólitísk afstaða til málnotkunarinnar. Þessarar stefnu gætir ekki síst meðal presta og hún setur því mark sitt á ýmiss konar helgihald. Ókostur þessa er að slík málnotkun samræmist ekki máltilfinningu fólks og eins og með önnur tillærð atriði er hætta á ruglingi þrátt fyrir göfugan tilgang eins og sjá má í (4) þar sem málfræðilegt kyn og líffræðilegt kyn takast á. Í þessu dæmi er rætt almennt um það fólk sem varð vitni að mikilli flóðbylgju á ströndum Indlandshafs.

- (4) Um það hafa **margir** vitnað þegar **pau** sáu þessa ótrúlegu bylgju koma af hafi, rísa upp í æði og með ógnarkrafti, að það hafi verið eitthvað „biblíulegt“ við þessa sýn.

(Sigurður Árni Þórðarson 2005) [feitiletrun AKI]

Hið pólitískt meðvitaða kyn er reyndar ekki íslensk uppgötvun. Slík málnotkun er líklega mest áberandi í lærðum skrifum í ensku þar sem mikið er lagt upp úr meðvitaðri jafnréttisstefnu. Það er því ekki vitlaust að rýna örlítið í lærða enska kynjanotkun til að öðlast betri skilning á þeim hugmyndum sem hér liggja að baki.

2. Almennt kyn í ensku í bestunarkenningu

Í ensku eru fornöfnin *he*, *she* og *they* notuð fyrir almennar tilvísanir. Ensk kynjanotkun er flókið mál og dugir því ekkert minna en háþróað kenningakerfi til að gera grein fyrir dreifingu þessara orða. Greiningin hér mun styðjast við bestunarkenningu (e. *Optimality Theory*; *OT*; ísl. BK) (Prince & Smolensky 1993/2002). Almenna umfjöllun um BK á íslensku má finna hjá Antoni Karli Ingasyni (2008). Þá er komið að því að skilgreina hömlur. Í fyrsta lagi ber að forðast að nota karlkyn í almennum tilvísunum og í öðru lagi skal tjá líffræðilegt kyn ef um manneskju er að ræða, sbr. (5).

- (5) a. *ALM-KK: Ekki nota karlkyn fyrir almennar tilvísanir.
b. LÍFFR-KYN: Tjá skal líffræðilegt kyn ef um manneskju er að ræða

Hamla (5a) er hærra sett en (5b) í lærðri ensku eins og sjá má í (6). Við fáum almennt kvenkyn í setningum eins og þessari. Kvenkynið er besti kosturinn (e. *optimal candidate*) því að hinir brjóta gegn hömlunum í (5).

- (6) Almennt kvenkyn

An ambitious academic will publish as soon as he/she/they can.	*ALM-KK	LÍFFR-KYN
he	*!	
☞ she		
they		*!

Málið er þó flóknara en svo því að fleiri hömlur koma við sögu. Til að mynda er hamla í lærðri ensku sem bannar að kyn ýti undir kynbundnar staðalmyndir, sbr. (7), enda slíkt ótækt í jafnréttismiðuðu máli. Þessi hamla er hærra sett en hömlurnar í (5) og við fáum því hlutlausu fleirtöluna *they* í (8) þrátt fyrir að það brjóti gegn lægra settri hömlu sem krefst þess að manneskja hafi yfir höfuð kyn. Ekki gengur að bendla konur við hjúkrunarfræði.

(7) *STADALMYND: Ekki nota kyn sem samræmist kynbundinni staðalmynd.

(8) Ekki staðalmyndir

A nurse should ensure he/she/they get(s) adequate rest.	*STADAL-MYND	ALM-KK	LÍFFR-KYN
he		*!	
she	*!		
☞ they			*

Margur skyldi ætla að þá sé málið leyst en björninn er ekki unninn. Við þurfum líka að gera grein fyrir því að karlkyn er skyldubundið þegar merking er neikvæð, sbr. (9), en þessi regla felur í sér ákveðna jákvæða mismunun til að bæta upp fyrir hin fjölmörgu karlkynsfornöfn fyrri alda. Það er því ekki tækt að vísa almennt í persónur eða hópa með almennu kvenkyni eða almennri fleirtölu ef um er að ræða illmenni. Þessi hamla er hærra sett en allar þær hömlur sem áður hafa verið taldar og því fáum við karlkyn í (10). Við getum nefnt þetta fyrirbæri neikvætt karlkyn. Hér skiptir ekki máli þó að brotið sé gegn staðalmyndahömlunni og hömlunni sem bannar almennt karlkyn því að þær eru lægra settar en hamla neikvæðs karlkyns.

(9) NEIKV-KK: Nota skal karlkyn þegar merking er neikvæð.

(10) Neikvætt karlkyn

The terrorist will strike as soon as he/she/they can.	NEIKV-KK	*STADAL-MYND	*ALM-KK	LÍFFR-KYN
☞ he		*	*	
she	*!			
they	*!			*

Það kerfi lærðrar ensku sem hér hefur verið greint er mikilfenglegt og drekkhlaðið pólitískri rétthugsun. Við lendum þó aftur í sömu vandræðum og (4) ber vitni um vegna þess að kerfið er býsna flókið og samræmist ekki vel máltilfinningu fólks. Það er því hætt við að þeir – eða þau, sem reyna að vanda mál sitt með þessum hætti, geri oft mistök og verði ósamkvæmir – eða ósamkvæm – sjálfum sér. Það er því ekki víst að slíkt kerfi sé endilega hentug fyrirmynd fyrir íslensku.

3. Hvað er til ráða?

Eins og hér hefur verið rakið og greint með aðstoð BK getur pólitísk kynjun verið svolítið kynleg þegar á hólminn er komið. Þess vegna er vert að velta fyrir sér hvort einhverjar aðrar leiðir séu færar? Ein einföld lausn væri auðvitað að segja sem svo að í íslensku sé málfræðilegt kyn kannski ekki svo voðalegt þó að það samræmist ekki endilega líffræðilegu kyni enda er kynjamisræmi á báða vegu. Titlar eru til dæmis ýmist í málfræðilegu karlkyni eða kvenkyni þó að þeir séu ekki bundnir við ákveðið líffræðilegt kyn, sbr. (11). Bæði eru þess dæmi að karlkyns- og kvenkynstitlar séu notaðir fyrir gagnstætt líffræðilegt kyn og stundum er slíkt ósamræmi milli kynja jafnvel algengara en samræmi.

- (11) kk. ráðherra, lögreglumaður, hjúkrunarfræðingur, femínisti, smiður
kvk. rjúpnaskytta, löggá, rokkstjarna, handboltakempa, kappaksturshetja

Ef við viljum halda því til streitu að það sé ómögulegt að vísa til konu með karlkynsforanafni eða öfugt má líka benda á það eru til einfaldari lausnir en það að ætla sér að breyta öllu málförfinu – sem er líklega ekki sérlega raunhæft þrátt fyrir góðan metnað. Miklu einfaldara væri að breyta nafninu á formdeildinni ‘kyn’ í málfræðibókum, t.d. í ‘litur’ eða ‘súkkulaði’, enda gefur orðið ‘kyn’ ekki alltaf rétta mynd af fyrirbrigðinu. Þá gætum við talað um gul, rauð og græn orð eða hraunorð, tromporð og pipporð í stað karlkynsorða, kvenkynsorða og hvorugkynsorða. Það ætti enginn að þurfa að kvarta undan því að bera gulan titil eða hrauntitil.

Ritaskrá

ROA = Rutgers Optimality Archive <<http://roa.rutgers.edu>>.

Anton Karl Ingason. 2008. *Hrynkerfi íslensku í bestunarkenningu*. BA-ritgerð. Aðgengileg á <<http://linguist.is/skjol/hrynkerfi.pdf>> eða <<http://notendur.hi.is/antoni/skjol/hrynkerfi.pdf>>.

Prince, Alan & Paul Smolensky. 1993/2002. *Optimality Theory: Constraint Interaction in generative grammar*. Handrit. Rutgers University og University of Colorado at Boulder. [Endurskoðuð útgáfa af rannsóknarskýrslu (e. *Technical Report*) frá 1993.] [ROA #537.]

Sigurður Árni Þórðarson. 2005. Var Guð í flóðinu? Flutt í messu 2. jan. 2005. Sótt 31. des. 2009 af <<http://tru.is/postilla/2005/01/var-gud-i-flodinu>>

Djóðviljinn, 2. apríl 1958, bls. 6.